

Syngjum og kveðum í kaffihúsi Gerðubergs

28. október og 25. nóvember kl 14:00 - 16:00 verða á dagskrá söngstundir í Gerðubergi. Yfirskriftin er: *Syngjum og kveðum um gleði, söng og dans*, í október, en *Syngjum og kveðum kvöldsöngva*, í nóvember.

Gestum gefst kostur á að eiga saman góða stund, syngja og hlýða á söngva og sögur sem tengjast þessum þemum. Gestir fá sönghefti með söng- og kvæðalögum fyrir fjöldasöng, en ýmsir gestir koma einnig fram. Lögin eru blanda af íslenskum og erlendum alþýðulögum.

Chris Foster og Bára Grímsdóttir halda utan um söngstundirnar í samvinnu við Kvæðamannafélagið Iðunni og Menningarmiðstöðina í Gerðubergi.

Upplagt er að taka börnin og barnabörnin með. Ókeypis aðgangur.

Kvæðalagaæfingar og fundir 2012

<i>Kvæðalagaæfingar</i>	<i>Félagsfundir</i>
3. október	5. október
7. nóvember	9. nóvember
5. desember	7. desember

Allir fundir og kvæðalagaæfingar félagsins hefjast stundvíslega kl 20:00 og lýkur kl 22:30. Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

115. tölublað – 33. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

September 2012

Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Hautferð Iðunnar 2012

verður farin laugardaginn 15. september

Ferðast verður um Suðurland og haldið austur að Skógum undir Eyjafjöllum þar sem byggðasafnið verður skoðað undir leiðsögn Þórðar Tómassonar. Einnig verður komið við í gestastofunni á Þorvaldseyri, þar sem hægt er að kynna sér gosið í Eyjafjallajökli og atburðina í kjölfar þess. Hádegisverður (kjötsúpa) verður snæddur á Samgöngusafninu á Skógum.

Á suðurleið frá Skógum verður komið við á nokkrum áhugaverðum stöðum og gert er ráð fyrir nestisstoppi í Þorsteinslundi hjá Hlíðarendakoti. Í Þrastalundi við Sogið verður snæddur kvöldverður og ýmislegt gert til skemmtunar.

Lagt af stað frá Umferðamiðstöðinni (BSÍ) kl 9:00 og áætlað að koma aftur þangað kl 22:00.

Kostnaður á mann er 9.000 kr og er þar innifalin rútuferðin, hádegis- og kvöldverður og aðgangur að söfnum. Þátttakendur eru minntir á að hafa með sér nesti til að gæða sér á í Þorsteinslundi.

Þátttaka tilkynnist eigi síðar en miðvikudaginn 12. september til Þorvaldar: sími 895 9564, tölvupóstur vivaldi@simnet.is, eða Rósu: sími 847 0870, tölvupóstur rosat@hi.is.

Kvæðamál

Ormur Ólafsson, fyrrum formaður Iðunnar, lést þann 22. ágúst sl. Ormur var fæddur í Kaldrananesi í Mýrdal 10. apríl 1918. Hans verður minnst nánar á fyrsta fundi félagsins eftir að vetrardagskrá hefst en að þessu sinni látum við nægja að birta eftir hann nokkrar vísur.

Iðunn víkur ekki sið
ávallt lík er saga
ýmsa slíka eigum við
unaðsríka daga.

Sumarblíðu sakna hlýt
sölna rósir fríðar
Esjan nærri orðin hvít
ofan í miðjar hlíðar.

Forðum þjóðin fróðleiksgjörn
fortíð kaus að muna
sálarþrek í sókn og vörn
sótt í ferskeytluna.

Bylgjur rísa á breiðum mar
brýtur á yztu skerjum.
Vetrarhörku veðurfar
versnar með degi hverjum.

Einum rómi allir fagna
okkar fundi hefjum senn.
Meðan skógarprestir þagna
þenja túlann kvæðamenn.

Vetrarmugga veldur ugg
vonum stuggar mörgum.
Öldur rugga einum kugg
undir skuggabjörgum.

Vanga sína vermir sól
vænkast óðum hagar.
Nú er hlýtt um byggð og ból
bjartur sumardagur.

Vorsins yndi vekur þrótt
vaxa lindir dalsins
blíðu vindar blása hljótt
blána tindar fjallsins.

Ekur gleði, eyðir hryggð
andans stækkar veldi
Eyja-fjalla fögur byggð
földuð sólar eldi.

Vorið hrumu verður hlíf
vaknar brum í haga
veikri frumu vekur líf
varmi sumardaga.

Fegurð rænist foldarþú,
fjólan væna dáin.
Hélu skæni hefur nú
hulið grænu stráin.

Baldur sneiðir báruleið
bryður reyðarsvörðinn.
Aldan freyðir, öslar skeið
yfir Breiðafjörðinn.

Ávallt nýtum andans mið
allir fagna hljóta
að ferhendurnar fiskum við
fyrir utan kvóta.

Aflar fanga okkar lið
orðið slíkt að vana.
Hortittunum hendum við
hirðum golþorskana.

Um ferskeytlunnar fagra svið
farið Skálða getur.
Á sónarhafið sækjum við
sumar jafnt og vetur.

Óðum líður ævi manns,
allt til baka gengur.
Þó reynist enginn rósadans,
reynum að hjara lengur.

Annar heimur örugg hlíf
okkur trúin kenndi.
En aðeins þetta eina líf
eigum þó í hendi.

Áfram gerast atvik ný
eigum hönd á stýri.
Lengi endast látum því
lífsins ævintýri.

Afsökunarbeiðni

Stjórn Iðunnar biður afsökunar á mistökum sem urðu við innheimtu félagsgjalda. Eins og fólk eflaust man var samþykkt á síðasta aðalfundi að hækka árgjaldið í 3.000 kr en rukkanir fyrir 2.000 kr voru sendar út.

Nú hefur upphæðin verið leiðrétt í heimabönkum félagsmanna og viljum við því biðja þá að nýta sér helst þá aðferð til að greiða gjaldið. Þeir sem ekki hafa heimabanka geta farið með greiðsluseðla í banka og beðið gjaldkera um að leggja inn rétta upphæð. Þau sem þegar voru búin að borga 2.000 kr mega gjarnan leggja 1.000 kr inn á reikning félagsins: 0326-13-885604, kt 560471-0179, en stjórnin mun ekki ganga hart eftir því.